

13. Framvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina að byggja hús fyrir opinberar skrifstofur.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa hús fyrir opinberar skrifstofur á lóð landsins við Lindargötu eða Ingólfsstræti. Húsið má vera allt að 30 m. á lengd, þrjár hæðir, og tvær skrifstofuraðir á hverri hæð. Skilrúm milli skrifstofanna skulu vera færanleg, svo að stækka megi og minka hverja þeirra.

Greinargerð.

Landið rekur nú fjölmargar skrifstofur, sem eru dreifðar um allan bæinn. Sumar þeirra verða ríkissjóði töluvert dýrar. Dreifing þeirra er mjög óþægileg bæði fyrir þá, sem þar vinna, en þó allræmest fyrir menn sem þurfa að ljúka erindum í mörgum af þessum skrifstofum. Sjálfstjórnarráðið er

orðið alt of þröngt, og mun fyrir nokkru tekinn upp sá siður, að hafa útibú þaðan annarstaðar í bænum. Kemur varla til mála annað, en að landið reisi sjer hentuga skrifstofubyggingu á landi sínu Arnahólstúni. Ætti slik bygging að geta verið einföld og óvenjulega ódýr eftir stærð. Skilrúmin yrðu að vera færanleg, eins og tíðkast í skrifstofubyggingum í Ameríku, og hægt að lengja húsið síðar meir eftir því sem þörf krefur og getan leyfir. Hvenær bygt yrði, færi eftir efnahag landssjóðs, og því hve mikla áherslu þingið leggur á að koma við þeim árlega sparnaði, sem leiða myndi af samfærslu á skrifstofum landsins.